

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 84/2011****2011/EES/54/26****frá 1. júlí 2011****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,  
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2011 frá 1. apríl 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/41/ESB frá 7. júlí 2010 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð karla og kvenna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 86/613/EBE <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/41/ESB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 86/613/EBE <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 5. ágúst 2012.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti 21. liðar (tilskipun ráðsins 86/613/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn hljóði svo frá 5. ágúst 2012 að telja:

„**32010 L 0041**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/41/ESB frá 7. júlí 2010 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð karla og kvenna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 86/613/EBE (Stjtíð. ESB L 180, 15.7.2010, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/41/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 37, 30.6.2011, bls. 50.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 180, 15.7.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 359, 19.12.1986, bls. 56.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.